

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 19. mars 2024
UST202402-175/A.B.
10.04.00

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Kalmanstjörn - Nesvegur 50 - Reykjanesbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 9. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kalmanstjörn - Nesvegur 50.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að byggingarmagn reits 2 aukist úr 5.500 m² í 11.000 m² og byggingarreitur 2 stækkar lítillega til suðvesturs.

Byggingar og fráveita

Umhverfisstofnun telur að fjalla þarf nánar um hvaða starfsemi á að vera á reit 2, en reiturinn er skilgreindur sem nýbyggingar og stoðþjónusta. Auk þess þarf að fjalla nánar um í greinargerð og á uppdrætti um fráveitumál frá reit 2.

Í greinargerð segir: „Þynningarsvæði við útrás frárennslis er sjórinn. Starfsleyfi gefin út af Umhverfisstofnun skilgreinir mörk mengunar og þynningarsvæðis...”

Umhverfisstofnun bendir á að ekkert þynningarsvæði er skilgreint í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og einnig bendir stofnunin á að Umhverfisstofnun setur mörk losunar í starfsleyfi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson

sérfræðingur